

Ed.

618. Frumvarp til laga

[202. mál]

um Útflutningsláναςjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 493 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Hlutverk Útflutningsláναςjóðs er:

- a) að veita lán til meiri háttar útflutnings véla og tækja, þar á meðal skipa og annarra fjárfestingarvara, sem framleiddar eru innanlands, og skulu slík lán tryggð hjá tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð eða með annarri fullgildri ábyrgð.
- b) að veita samkeppnislán, þ. e. a. s. lán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innanlands, gegn bankaábyrgð eða annarri fullgildri ábyrgð.

3. gr. hljóðar svo:

Stofnaðilar sjóðsins leggja hver um sig fram 50 millj. króna, sem greiðast til sjóðsins á ekki lengri tíma en fimm árum.

Auk stofnfjár er sjóðnum heimilt að afla fjár til starfsemi sinnar með lántökum hjá innlendum bönkum og sjóðum. Einnig er honum heimilt að taka lán erlendis.